

EFTIRLITSSKÝRSLA

Brim Vopnafirði Vopnafjörður



Dags eftirlits	10.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Brim Vopnafirði	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Hafnarbyggð 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5411850389	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Jörgen Sverrisson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	691171,367 590414,525

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Grænu bókhaldi var ekki skilað á réttum tíma. 2) Botnþykktarmælingar á tveimur lýsistönkum hafa ekki verið gerðar. 3) Skil á niðurstöðum frárennslismælinga eru ekki fullnægjandi. Auk þess voru gerðar tvær ábendingar: 1) Hvatt er til að fylgst sé betur með TVN-gildum þegar þau nálgast eða eru yfir starfsleyfismörkum. 2) Bent er á að tryggja skal eftir því sem unnt er, að ferskt hráefni berist verksmiðjunni.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá fiskimjölsverksmiðju Brims á Vopnafirði. Jörgen Sverrisson, gæðastjóri var fulltrúi rekstraraðila og Freyr Ævarsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Fiskimjölsverksmiðja Brims á Vopnafirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 8. október 2014 og gildir til 8. október 2030.

Starfsleyfið heimilar að framleitt sé „fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum, sem ætlaðar eru til endurvinnslu í verksmiðjunni. Verksmiðjunni er einnig heimil flokkun á fiski og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu. Rekstraraðila er heimilt að framleiða úr allt að 1.150 tonnum af hráefni á sólarhring.“

Lóð verksmiðjunnar er á samþykktu deiliskipulagi (Deiliskipulag miðhluta hafnarsvæðis á Vopnafirði).

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
Við eftirlitið var eitt frávík opið úr eftirliti 2021, varðandi geymslu og meðhöndlun efna og að takmarka skuli aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er.

Í samræmi við úrbótaáætlun hefur verið sett hækkun á niðurfall sem hægt er að fjarlægja þegar þörf er á. Samkvæmt rekstraraðila stendur til að lagfæra hækkunina þannig að hægt verði að fella hana niður í stað þess að þurfi að fjarlægja hana til að niðurfallið nýtist. **Frávikinu telst lokið**, en rekstraraðili er hvattur til að bæta hækkunina (eins og til stendur að gera) til að auðvelda starfsfólki vinnu sína.

2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta vegna ákveðinna brota gegn lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin getur lagt sektir á lögaðila, sem geta numið 25.000 til 25.000.000 kr. Ákvæðið er að finna í 67. gr. laganna.

4. Önnur mál

- a) Útstreymisbókhaldi var skilað á tilsettum tíma (fyrir 1. maí) en grænu bókhaldi var ekki skilað fyrr en eftir að fresturinn rann út og er það **frávik frá starfsleyfi**.
- b) Ekki hafa enn borist upplýsingar um botnþykktarmælingar á tveimur minni lýsisgeymunum og er það **frávik frá starfsleyfi**.
- c) Farið var yfir TVN-mælingar ársins og möguleg viðbrögð við mörgum gildum, flestum í maí sl, yfir mörkum starfsleyfis. Bent er á að samkvæmt starfsleyfi skal rekstraraðili „gera kröfur um að afli sem kemur til vinnslu sé ísaður, kældur eða rotvarinn, eftir því sem unnt er, til að tryggja ferskt hráefni.“
- d) Rætt var um uppsetningu vindmælis við höfnina, en ekki er rétt, það sem kom fram í eftirlitsskýrslu 2021, að rekstraraðili hafi komið upp vindmæli við höfnina. Samkvæmt rekstraraðila ráðgerir Vopnafjarðarhöfn að setja upp vindmæli en óljóst er hversu langt sú vinna er komin. Við útskipun á mjöli er notast við mælingar frá Vopnafjarðarflugvelli. Miðað er við að vindur þar sé ekki yfir 10 m/sek (í sumum tilfellum þurfa mörkin að vera lægri) og að vindáttin sé hagstæð. Viðbragðsáætlun verður uppfærð þegar nýr vindmælir verður kominn upp eða meiri reynsla verður komin á núverandi verklag.
- e) Frárennismælingar sem gerðar voru í september 2021 voru ræddar. Samkvæmt skýrslu, þar sem niðurstöður mælinganna eru birtar, er ekki ljóst hvort farið var eftir ákvæðum starfsleyfis varðandi verklag við sýnatökuna. Rekstraraðili skal fá staðfestingu á að rétt verklag hafi verið viðhaft og tryggja að réttar upplýsingar berist Umhverfisstofnun. Rekstraraðili skal fara yfir útreikninga í skýrslunni og ganga úr skugga um að þeir séu réttir. Í ljósi þessa er litið á að um ófullnægjandi skil á gögnum sé að ræða og því **frávik frá starfsleyfi**. Óskað er eftir nýrri skýrslu þar sem réttar upplýsingar koma fram.
- f) Uppsetning fitugildru við lýsisþró er í vinnslu. Rekstraraðili sendir Umhverfisstofnun upplýsingar um verklok þegar þar að kemur.

5. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð verksmiðjunnar.

Sérstaklega voru framkvæmdir við fitugildru við lýsisþró skoðaðar og könnuð útfærsla á hækkun á niðurfalli í efnageymslu.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í gr. 3.3 í starfsleyfi	Rekstraraðil skal færa grænt bókhald í samræmi við reglugerð nr. 851/2002, um grænt bókhald. Skila skal niðurstöðum græns bókhalds fyrir 1. maí ár hvert.
ákvæði í 20. gr. reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, nr. 884/2017.	Rekstraraðili skal láta þykktarmæla botn og neðsta umfar olíubirgðageyma eigi sjaldnar en á tíu ára fresti.
ákvæði í gr. 3.2 í starfsleyfi	Fitu, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar skal mæla árlega og skila niðurstöðum til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Mælt skal í frárennsli frá fitugildru og öðrum hreinsibúnaði og skal mælingin ná yfir einn sólarhring.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- a) Í grein 3.2 starfsleyfis kemur fram að „taka skal fleiri mælingar sama dag ef TVN gildið fer yfir 100 mg N/100 g.“ Í ljósi þess hversu margar mælingar voru yfir þeim mörkum sem tilgreind eru, er rekstraraðili hvattur til að fylgjast betur með TVN-gildunum og mæla oftár þegar gildin nálgast og eru yfir 100 mg N/100 g.
- b) Í grein 2.2 starfsleyfis kemur fram að „Rekstraraðili skal gera kröfur um að afli sem kemur til vinnslu sé ísaður, kældur eða rotvarinn, eftir því sem unnt er, til að tryggja ferskt hráefni.“


ANNAÐ

Umhverfismarkmið rekstraraðila voru síðast endurskoðuð 2019 og var þeim skilað til Umhverfisstofnunar þann 15.11. það ár. Bent er á að skv. starfsleyfi skal endurskoða umhverfismarkmiðin á fjögurra ára fresti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.09.2022



Freyr A. Evarsson

